



Hlaupaplan fyrir 42,2 km

Unnið af Arnari
Péturssyni



Mikilvægir punktar að hafa í huga!

Takmarkaður tími til stefnu

Það eru mjög takmarkaðir hlutir sem hægt er að gera með fjórar vikur til stefnu en aðalmálið er að gera ekki of mikið og venja líkamann á högginn. Það er líka mikilvægt að átta sig á því að fjöldaframleidd æfingaprógröm skila ekki jafn miklum árangri og einstaklingsmiðuð plön. Lestu leiðbeiningarnar vel og gerðu frekar 10% minna heldur en 10% meira á æfingunum.

Æfingarnar eru settar inn í þeirri röð sem best væri að taka þær. Þú ræður á hvaða dögum þú tekur æfingarnar en til að ná árangri er lágmark að hlaupa þrisvar í viku. Stundum getur verið gott að fresta erfiðari æfingu ef við erum ekki að fíla okkur vel þann daginn.

Best er að reyna að hafa 2 daga á milli erfiðra æfinga en ef við tökum tvær erfiðar æfingar tvo daga í röð þá er best að láta 3 daga líða þangað til við tökum aftur erfiða æfingu.

Höldum stöðugleikanum fram að hlaupi

Stöðugleiki í æfingum og hæg stigmögnun í álagi skipta öllu máli fyrir árangur í hlaupum. Þau sem æfa stöðugast ná mestum árangri og þau sem fara ekki of hratt af stað eiga í minnstri hættu á meiðslum. Þess vegna viljum við ná sem flestum vikum þar sem við tökum þjárf æfingar og þess vegna viljum við auka álagið hægt og bítandi.

Rólegt skokk þarf að vera nógu hægt

Það er fátt mikilvægara en að taka E æfingarnar rétt, þetta eru þá æfingar með rólegu skokki. Rólegt skokk á að vera rólegt! Þetta á að vera það auðvelt að þú getir sungið með laginu sem þú ert að hlusta á eða haldið uppi samræðum með auðveldum hætti. Í mörgum tilvikum er þetta nánast labb og það er í besta lagi. Við viljum koma okkur upp ákveðinni grunnlínu í rólega skokkinu og hún verður svo hraðari eftir því sem líður á. Þannig ætti pulsinn að vera hinn sami í rólega skokkinu fyrstu og síðustu vikuna. Það sem breytist hinsvegar er hraðinn sem við getum haldið á þessum pulsi.

Lyftingar og styrktaræfingar

Það ber að hafa í huga að þegar við lyftum með hlaupunum þá sjáum við oft fyrst slakari árangur á fyrri hluta tímabils en þegar við minnkum lyftingar á seinni hlutanum kemur stökk í árangri. Aldrei lyfta aftur fyrr en harðsperrurnar eru alveg farnar frá síðustu lyftingaræfingu. Þegar það er svona stutt í hlaup viljum við ekki lyfta nema bara í fyrstu vikunni og svo setja einbeitinguna á hlaupin.

Það er mikilvægt að taka styrktaræfingar með hlaupaprógramminu og skiptir litlu máli hvaða dagar eru notaðir í það. Best er samt að taka slíkar æfingar eftir hlaupaæfingu en ekki fyrir hana. Lyftingar og styrktaræfingar gera okkur sterkari og auðvelda endurheimt á milli æfinga, þetta gerist meðal annars vegna þess að núna á líkaminn auðveldara með að taka á móti höggunum sem fylgja hlaupunum.

Nýtum mjúkt undirlag til að halda líkamanum heilum

Reynum að hlaupa sem mest á mjúku undirlagi og nýta grasið við hliðina á malbikinu þegar við getum. Því oftast sem þú getur hlaupið á malarstígum eða öðrum fallegum stöðum á landinu því betra. Því minna sem við hlaupum á malbikinu því betra.

Hlaupastíll

Í öllum æfingum viljum við hugsa um að nota flottan hlaupastíl en við getum ekki bætt hlaupastílinn okkar nema við hugsum um hann á hverri æfingu. Það er því gott að skoða punktana um hlaupastílinn í Hlaupabókinni og athuga stöðuna á þessum þáttum hjá okkur.

Hlaupabrettið

Ef við hlaupum á hlaupabretti er nóg að hafa 0,5-1% halla til að líkja eftir álaginu þegar við hlaupum úti. Ef við viljum fara eins vel með líkamann og við getum þá er gott að setja brettið í 4% halla þegar við tökum rólegar æfingar en halda sama fíling og ef við værum með 0.5% halla. Þetta þýðir að við þurfum að hægja verulega á brettinu og mögulega er þetta bara labb. Það er í besta lagi enda er eitt aðalmálið með rólega skokkinu að þjálfa hjartað og hjartað fær 100% æfingu við aðeins 60% af hámarkspúlsi.

Ef við eigum ekki púlsmæli sem fer yfir bringuna en erum með púlsmæli í úrinu hjá úlnliðnum er mikilvægt að festa úrið þétt við úlnliðinn þannig að það sé ekki að færast mikið til. Það getur komið fyrir að úlnliðsmælar gefa ónákvæmar niðurstöður og sérstaklega ef þeir eru ekki nógu þétt við úlnliðinn.

SS - Stílsprettir

Þetta á alltaf að vera áreynslulaust en nokkuð hratt. Andardrátturinn á að vera þægilegur enda förum við aldrei lengra en 20 sekúndur í stílsprettum. Síðustu 3-4 sekúndurnar mega vera nálægt 95% hraða en okkur á að líða eins og við gætum auðveldlega farið hraðar. Í stílsprettum er best er að byrja rólega og auka hraðann úr rólegu skokki hægt og bitandi þangað til við komumst upp á góðan hraða. Þetta á aldrei að vera þannig að við sprettum af stað frá fyrstu sekúndu heldur á þetta að vera meira afslappað. Þegar við tökum stílspretti inni í æfingu þá mega síðustu 2-3 endurtekningarnar vera aðeins erfiðari en fyrri helmingurinn en aldrei þannig að við séum að þvinga okkur áfram. Stílsprettir eru notaðir í upphitun í miðjum löngum túr og í lokin á gæðaæfingum. Stílsprettir eru oftast um 20 sekúndur og erum með 1 mínútu í hvíld á milli. Í hvíldinni á helst að skokka mjög rólega en það er í lagi að labba. Þetta á að vera ákveðin hraðaaukning þar sem við hugsum um að hlaupa með góðum hlaupastíl og reynum að hugsa um eitt atriði í hverjum stílspretti. Til dæmis að hreyfa hendurnar með stórum hreyfingum aftur á bak. Eða að keyra hnén fram. Þetta á ekki að vera erfitt heldur er meira til að koma okkur inn á góðan hlaupastíl fyrir æfingar í upphitun, finna hlaupastíl fyrir hraðari hlaup þegar við tökum þá í miðjum löngum túr og svo til að festa í vöðvaminninu góðan hlaupastíl eftir að við höfum tekið erfiða gæðaæfingu. Við tökum stílspretti eftir erfiða gæðaæfingu því síðasta endurtekningin er oft ekki með besta hlaupastílnum en við viljum festa góðan hlaupastíl í vöðvaminninu og þá tökum við stílspretti í lokin.

Vika 1

Æfingar vikunnar

Auka fyrirmæli

1.
30 mín rólegt skokk eða labb + 6-10*20 sek stílsprettir 1-2 mín labb á milli + 5-15 mín rólegt skokk eða labb

Þessi vika er eingöngu til að venja líkamann okkar á högginn sem fylgja hlaupunum. Alls ekki gera of mikið hérna þótt okkur líði vel því það mun koma í ljós á morgun hvort við fáum harðsperrur eða ekki. Þú átt að fara það hægt að þú getir andað með nefinu. Mundu að stílsprettirnir eru ekki erfiðir. Þetta er einfaldlega hraðaaukning en best er að hlaupa stílsprettina upp brekku til að fá styrk í fæturna. Helst að taka allar æfingar á fastandi maga til að virkja fitubrennslukerfið.

2.
Fjallganga – 90-120 mín að lengd.

Pössum okkur að fara ekki of hratt en það má fara smá rösklega niður til að virkja vöðvana framan á lærunum.

3.
40-60 mín af rólegu skokki eða labbi

Pössum okkur að fara nógu hægt hérna. Ef við viljum koma okkur fljótt í gott form er gott að fara í gufu tvisvar til þrisvar í viku núna fram að hlaupi og vera í 10-20 mín samtals í hvert skipti en það er í lagi að taka sér pásur á milli. Það er ekki óeðlilegt ef við erum með harðsperrur eftir fjallgönguna en þá förum við bara ennþá hægar yfir

4.
10-20 mín af rólegu skokki + 3-5*10 mín á þannig hraða að við getum sagt eina setningu í hverjum andardrætti með 2 mín af labbi á milli + 10-20 mín af rólegu skokki eða labbi

Það er gott að taka þessa utanvega og jafnvel í fjallgöngu. Þá hugsum við bara um að geta sagt eina setningu eins og "mér líður vel" í hverjum andardrætti í 10 mín. Ef við getum spjallað erum við að fara of hægt og ef við komum ekki upp orði erum við að fara of hratt. Ef það er byrjað að hægjast mjög á okkur eftir þrjár endurtekningar þá ættum við ekki að gera fleiri. Helst ekki vera á malbiki hérna.

Vika 2

Æfingar vikunnar

Auka fyrirmæli

1.
10–15 mín af rólegu skokki eða labbi + 8–10*20 sek stílsprettir 1 mín af labbi á milli + 10–15 mín af rólegu skokki

Muna að stílsprettirnir eiga ekki að reyna mikið á lungun heldur erum við bara að auka hraðann jafnt og þétt úr rólegu skokki þangað til síðustu 2–3 sekúndurnar erum við komin á nokkuð góðan hraða án þess að vera að spretta. Best er að hugsa um að hreyfa hendurnar með sterkum hreyfingum aftur á bak til að fá kraftinn úr höndunum til að yta okkur áfram.

2.
5–10 mín af rólegu skokki + 3*20 sek stílsprettir 1 mín labb + 3–4*3km á 42.2km hraðanum okkar 3 mín af rösklegu labbi eða skokki á milli + 5–15 mín rólegt skokk

Svona upphitun viljum við líka gera fyrir Reykjavíkumaraþonið sjálft. Það er að hlaupa mjög rólega í 5–10 mínútur og hlaupa svo þrjá stílspretti til þess að kveikja almennilega á líkamanum. Mikilvægt að æfa sig hérna að fara ekki of hratt og reyna að ímynda sér að við ætlum að halda þessum hraða í 42.2km. Ef við upplifum mikla þreytu eftir 3 endurtekningar þá tökum við ekki fleiri

3.
30 mín af rólegu skokki eða labbi

Hérna væri líka mjög gott að gera styrktaræfingar fyrir kvið, bak og utanverðar mjaðmir. Þössum okkur að vera sem mest á mjúku undirlagi og ekki hlaupa allt á malbiki.

4. 70–80 mín af rólegu skokki eða labbi + 10*20 sek brekkusprettir 1,5 mín af labbi á milli + 5–10 mín af rólegu skokki eða labbi

Muna að fara nógu hægt í 40–50 mín. Við eigum að geta andað með nefinu og það er í lagi að labba, bara alls ekki fara of hratt. Í 20 sek sprettunum er fyrsti bara nokkuð þægilegur en svo viljum við auka hraðann þangað til síðustu tveir eru nánast eins hratt og við komumst. Mikilvægt að taka sér einn til tvo daga í hvíld eftir þessa æfingu.

Vika 3

Æfingar vikunnar	Auka fyriræli
1. 5-10 mín rólegt skokk + 3*20 sek stílsprettir með 1 mín labb á milli + 8-10*1km á 10km keppnishraðanum okkar með 1 mín af rösklegu labbi á milli + 5-10 mín af rólegu skokki	Best er að hugsa um að fara 10% hægar í fyrstu 2km endurtekningunni og svo vera á 10km keppnishraðanum okkar og í lokin að reyna að fara eins hratt og við komumst. Best er að taka þessa á mánudaginn
2. 30-45 mín af rólegu skokki eða labbi	Þössum okkur að fara nógu hægt hérna og alls ekki fara í hámarkið nema við filum okkur mjög vel. Mundu að þú átt að geta sungið með laginu í rólega skokkinu. Ef við tökum bara þrjár æfingar í vikunni þá viljum við sleppa þessari.
3. 5-10 mín rólegt skokk + 3*20 sek stílsprettir með 1 mín labb á milli + 10-12*(2 mín hratt + 1 mín rösklegt labb eða skokk) + 5-10 mín rólegt skokk	Best er að taka þessa á fimmtudaginn. Alls ekki fara í hámarkið á æfingunni heldur viljum við bara taka þangað til okkur finnst við ekki geta hlaupið hratt lengur. Hratt er hérna einstaklingsbundið en gott er að hugsa um hraða sem við gætum haldið í 30-35 mín, aðalmálið er að labba rösklega eða skokka í 1 mín á milli, við viljum alls ekki stoppa alveg. Síðustu 4-5 svona 2 mín sprettir eiga að vera mjög erfiðir og okkur á að líða eins og lungun séu að öskra á súrefni. Best er að taka þessa æfingu á einhverju öðru undirlagi en malbiki eða að reyna að hlaupa sem mest á grasinu við hliðina á gangstéttinni.
4. 75-85 mín á 90% af maraþonhraðanum okkar	Best er að taka þessa æfingu á laugardaginn. 90% af maraþonhraðanum er huglægt. Bara hugsa um að þú gætir auðveldlega haldið þessum hraða út allt maraþonið. Hérna er líka kjörið tækifæri til að æfa að taka inn næringu á æfingunni.

Vika 4

Æfingar vikunnar	Auka fyrirmæli
1. 5-10 mín rólegt skokk eða labb + 3*20 sek stílsprettir með 1 mín labb á milli + 3-4*2km á 42.2km keppnishraðanum okkar 2 mín af labbi á milli + 10 mín rólegt skokk	Mjög mikilvægt að fara ekki of hratt í fyrstu tveimur endurtekningunum. Það má síðan fara aðeins hraðar í síðustu endurtekningunni ef okkur líður vel. Best er að taka þessa æfingu á þriðjudag. Ekki fara í hámarkið nema okkur líði mjög vel
2. Styrktaræfingar	Það er gott að taka styrktaræfingar fyrir kvið, bak og utanverðar mjaðmir svo við eigum auðveldara með að halda góðum hlaupastíl í gegnum allt hlaupið. Alls ekki breyta neinu út af matarvenjunum. Bara borða venjulega og anda með nefinu.
3. 5-10 mín rólegt skokk + 2*20sek stílsprettir með 1 mín labb á milli + 4*20sek brekkusprettir með 3 mín labbi á milli + 10 mín labb eða rólegt skokk	Taktu þessa annaðhvort á fimmtudaginn eða föstudaginn til að hafa líkamann kláran í átökin. Þá hleypurðu í 20 sekúndur mjög hratt upp brekku og labbar svo í 3 mínútur á milli.
4. 42.2km Muna að það er gott að taka 2-3 stílspretti 10-15 mínútum áður en hlaupið á að fara af stað svo líkaminn okkar sé klár í átökin.	Mikilvægt að fara fyrsta kílómeterinn allavega 10% hægar en hraðinn sem þig langar til að halda allan tímann. Ekki hugsa um hraðann sem kemur á úrið eftir 1km heldur bara um tilfinninguna. Eftir fyrstu 3-4km á þér að líða mjög vel og þá geturðu byrjað að hugsa um hvaða hraða þú vilt halda út hlaupið á milli kílómetra. Það borgar sig aldrei að fara of hratt af stað því þú borgar það margfalt til baka síðustu fimm kílómetrana. Verum skynsöm og tökum frekar fram úr fólki í lokin heldur en í byrjun. Það er gott að fá sér alltaf lítið að drekka á öllum drykkjarstöðum og ekki drekka bara vatn. 2-4 orkugeleru nóg til að komast í gegnum hlaupið með góðum hætti. Mikilvægt að taka sér góðan tíma til að taka inn orkuna og taka þá litla sopa svo það fari örugglega vel í magann. Best er að biðja í 45-60 mín áður en við tökum inn fyrsta gelið Einföld markmið eins og að brosa eftir hvern kílómeter geta svo gert kraftaverk. Verum óhrædd við að hafa gaman af þessu.